

6. gr.

Stjórn dvalarheimilisins setur reglur fyrir dvalarheimilið.

7. gr.

Komi að því að stjórnin sjái sér ekki fært að reka heimilið áfram, gefi hún hreppsnefnd Eyrarbakkahepps kost á því að taka það að sér og allan rekstur þess. Sjái hreppsnefndin sér það ekki fært skal stjórnin ráðstafa eignum stofnunarinnar til opinbers aðila eða stofnunar sem að hennar dómi er til þess fallin á þeim tíma að sinna þörfum aldraðra á Eyrarbakka.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt né stofnunin lögð niður nema a.m.k. 2 stjórnarmenn samþykki.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og öðrum breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum sbr. 6. gr. 5. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld svo sem hér greinir:

1. flokkur	6 000,00
2. flokkur	12 500,00
3. flokkur	25 000,00
4. flokkur	37 500,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 6. gr. 10. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 6. tl. áðurnefndra laga til þess að taka gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1988.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Stella Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:

- | | |
|--|--|
| <p>I.
Bensínstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala
Annar rekstur sambærilegur.</p> | <p>III.
Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótél
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Kjörbúðir/nýlenduvörverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli)
Annar rekstur sambærilegur.</p> |
| <p>II.
Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Brauðgerð/brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvörverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Tækifærisveitingar
Annar rekstur sambærilegur.</p> | <p>IV.
Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótél
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o.þ.h.
Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús).
Annar rekstur sambærilegur.</p> |